



# Íþróttamiðstöðin Borg



## Vetraropnun: 21. ágúst — 25. maí

|                        |             |
|------------------------|-------------|
| Mánudaga - Fimmtudaga  | kl. 14 - 22 |
| Föstudaga              | Lokað       |
| Laugardaga – Sunnudaga | kl. 10 - 18 |

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: [www.gogg.is](http://www.gogg.is)  
Netfang: [sundlaug@gogg.is](mailto:sundlaug@gogg.is)  
Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.  
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.  
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:  
[linda@gogg.is](mailto:linda@gogg.is) eða [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)



# HVATARBLAÐIÐ

Febrúar 2018

## Kveðja frá Þorablótsnefnd ársins 2018

Þorablótsnefnd ársins 2018 er sammála um að Þorablótið í ár hafi verið vel heppnað og margir gestir gáfu það einnig til kynna. Þeir aðilar sem komu að blótinu ásamt nefndinni þ.e. hljómsveit, dyraverðir og húsvörður voru einnig sáttir og ánægðir. Nefndin vill þakka Láru húsverði fyrir gott samstarf sem reyndist mikilvægt. Einnig þökkum við Magnúsi Kjartanssyni fyrir skörulegan framgang við stjórn á fjölda-söng. Steinari fyrir fyrripartinn, stúlkunum vösku Urði, Tínu og Kristínu fyrir framlag sitt í sal og svo sveitungum okkar og öðrum gestum fyrir gott blót.

Vísuþotninn sem vann í ár hljóðar svo:

Lundabaggar, söltuð svið,  
Svanakjöll og drama.

**Myglaður matur, mega bið**  
**#Metoo, mér er sama.**

Höfundur að botni: Lizza eða Linda Sverrisdóttir Miðengi  
Höfundur að fyrripart: Steinar Sigurjónsson

### Þorablótsnefnd fyrir árið 2019 skipa:

Sonja og Bergur, Félagsheimilið Borg  
Þórunna og Jóhann, Borgarbraut  
Freydís, Ártanga og Gunnar Bjarni, Borgarbraut  
Siggi, Hæðarenda og Óli, Steinum

Kær kveðja Þorablótsnefndin 2018





## FUNDARGERÐ.

424. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 24. janúar 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

### 1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. desember 2017.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. desember 2017 liggur frammi á fundinum.*

### 2. Fundargerðir.

#### a) Fundargerð 43. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. janúar 2018.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### b) Fundargerð 67. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 15. janúar 2018.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

# Verzlunin BORG



## Opið;

mánudaga - fimmtudaga

10:00 til 18:00

föstudaga - sunnudaga

10:00 til 20:00

## VIÐ ERUM MEÐ LOTTÓKASSA



viking  
lotto

EURO  
JACKPOT

1X2  
ENSKI BOLTINN

1X2  
EVROÞUBOLTINN

Lenjan

*Verið velkomin heitt á könnunni*

**S: 486-4408**

## Bændur athugið

*Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands fyrir m.a.  
Grímsnes-, Grafnings- og Þingvalladeild verður haldinn*

**Þriðjudaginn 6. mars n.k. í Þingborg.**

*Fundurinn hefst kl. 20:30.*



*Deildarstjóri*



Sími 899-2910 [www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)

Febrúar 2018



Staðurinn sem kemur til þín

| Fimmtudagur                                 | Föstudagur                                  | Laugardagur                          |
|---------------------------------------------|---------------------------------------------|--------------------------------------|
| 1. feb<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30  | 2. feb<br><b>Flúðir</b><br>18-21            | 3. feb<br><b>Borg</b><br>18:00-20:30 |
| 8. feb                                      | 9. feb<br><b>Brautarholt</b><br>18:00-20:30 | 10. feb<br><b>Reykholt</b><br>18-21  |
| 15. feb<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30 | 16. feb<br><b>Flúðir</b><br>18-21           | 17. feb<br><b>Lokað í dag</b>        |
| 22. feb                                     | 23. feb<br><b>Árnes</b><br>18:00-20:30      | 24. feb<br><b>Vetrarfrí</b>          |



Sími 899-2910 [www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)

Mars 2018



Staðurinn sem kemur til þín

| Fimmtudagur                                  | Föstudagur                                   | Laugardagur                            |
|----------------------------------------------|----------------------------------------------|----------------------------------------|
| 1. mars<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30  | 2. mars<br><b>Flúðir</b><br>18-21            | 3. mars<br><b>Borg</b><br>18:00-20:30  |
| 8. mars                                      | 9. mars<br><b>Brautarholt</b><br>18:00-20:30 | 10. mars<br><b>Reykholt</b><br>18-21   |
| 15. mars<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30 | 16. mars<br><b>Lokað í dag</b>               | 17. mars<br><b>Flúðir</b><br>18-21     |
| 22. mars                                     | 23. mars<br><b>Árnes</b><br>18:00-20:30      | 24. mars<br><b>Reykholt</b><br>18-21   |
| 29. mars<br><b>Skírdagur</b>                 | 30. mars<br><b>Flúðir</b><br>18-21           | 31. mars<br><b>Borg</b><br>18:00-20:30 |

c) Fundargerð 147. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 21. desember 2017.

Mál nr. 5, 6, 7, 8, 23, 24 og 25 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 147. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 21. desember 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 5: 1712018 - Villingavatn lnr 170947 og 170952: Sameining lóða: Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.**

Fyrir liggur bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 21. nóvember 2017 þar sem kynnt er kæra á ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps um að synja um sameiningu tveggja frístundalóða úr landi Villingavatns. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að senda gögn varðandi málið til úrskurðarnefndarinnar.

**Mál nr. 6: 1712006 - Farbraut 16 lnr 169479 og Farbraut 16A lnr 172955: Farbraut 16: Sameining lóða.**

Lögð fram að nýju umsókn Mariu Hauksdóttur, dags. 13. desember 2017 um sameiningu á tveimur 2.500 m<sup>2</sup> lóðum, Farbraut 16 og 16A. Engin aðkoma er að lóð 16A nema í gegnum lóð 16.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við sameiningu lóðanna þar sem lóðirnar tvær liggja upp að hvor annarri auk þess sem ekki er til staðar aðkoma að lóð 16A, þ.e. lóð sem upphaflega var hluti af lóð með aðkomu af Finnheiðarvegi.

**Mál nr. 7: 1709036 - Leyndarholt lnr. 224673: Nýbyggingar: Deiliskipulag.**

Fyrir liggur að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi sem nær til 7,5 ha spildu úr landi Brjánsstaða sem kallast Leyndarholt. Stofnað hefur verið lögbýli á landinu og samkvæmt deiliskipulagstillögunni er þar gert ráð fyrir byggingu íbúðarhús, hesthúss og skemmu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.



**Mál nr. 8: 1712024 - Gráholtsbraut 4 lnr 211614:  
Öndverðarnes: Þakform sumarhúss: Fyrirspurn.**

Fyrir liggur fyrirspurn Inga Hlyns Sævarssonar og Guðbjargar Helgu Birgisdóttur, dags. 13. desember 2017 um hvort að heimilt verði að fá samþykkt frístundahús á lóðina Gráholtsbraut 4 í Öndverðarnesi með 2 gráðu þakhalla. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að þakhalli sé á bilinu 14-60 gráður. Sveitarstjórn telur að forsenda útgáfu byggingarleyfis sé að deiliskipulagi svæðisins verði breytt á þann veg að leyfilegur þakhalli verði á bilinu 0-60 gráður. Að mati sveitarstjórnar er slík breyting óveruleg og samþykkir hana samhljóða skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Við skilmála bætist einnig að á húsum sem eru með minni þakhalla en 14 gráður að þá má vegg hæð ekki vera hærri.

**Mál nr. 23: 1712011 - Vernd og endurheimt votlendis: Álit Sambands íslenskra sveitarfélaga og skipulagsmálanefndar: Til kynningar.**

Lagt fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 4. desember 2017 þar sem tilkynnt er um bókun stjórnar Sambandsins um vernd og endurheimt votlendis. Kemur þar m.a. fram að sveitarstjórnir eru hvattar til að kynna sér þau tækifæri sem kunna að felast í endurheimt votlendis til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika í íslenskrí náttúru. Bókun skipulagsnefndar lögð fram til kynningar.


**Mál nr. 24: 1712028 - Aðalskipulag Rangárbings Ytra 2016-2028: Umsagnarbeiðni.**

Lögð fram til umsagnar tillaga að endurskoðun Aðalskipulags Rangárbings ytra 2016-2028.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við aðalskipulagstillöguna með fyrirvara um að fara þarfyfir að sveitarfélagamörk séu í samræmi við afmörkun markanna í aðalskipulagi aðliggjandi sveitarfélaga. Bókun skipulagsnefndar lögð fram til kynningar.

**Mál nr. 25: 1712002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17- 69.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. desember 2017.



**MUNIÐ**  
**VALENTÍNUSAR- OG KONUDAGINN :)**

**TÚLÍPANAR í úrvali**

Opið er alla virka daga frá 10-16  
Sími 669-0108.



**SaumaKompan**

**Kringlu Grímsnesi**

Fataviðgerðir, gardínusaumur  
og ýmiskonar einfaldur  
saumaskapur

**Elsa Jónsdóttir**

**Sími 486 4515**





## Tökum að okkur STÓR og smá verk:

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Snjómokstur
- Hálkuvörn
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk



# Borg í sveit 2018

- Alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Viðburðurinn Borg í sveit 2018 verður 2. júní n.k.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshreyfingar óskar eftir duglegum einstakling til þessa að taka að sér framkvæmd og skipulagningu dagsins  
"Borg í sveit 2018"

Allar nánari upplýsingar hjá sveitarstjóra síma 480-5500

eða senda póst á netfangið gogg@gogg.is

d) Fundargerð 148. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 11. janúar 2018.

Mál nr. 1, 18 og 19 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 148. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 11. janúar 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 1: 1708079 - Árvegur 4 lnr 199082, 8 lnr 199084 og 10 lnr 210319: Kringla II: Sameining lóða, stofnun lögbylis: Deiliskipulagsbreyting.**

Fyrir liggur erindi eigenda lóða 1 til 12 við Árveg úr landi Kringlu þar sem óskað er eftir að skipulagi svæðisins verði breytt á þann veg að lóðirnar breytist úr frístundahúslóðum í lögbylislóðir. Þá er einnig óskað eftir að lóðir nr. 1 og 3 verði sameinaðar og einnig lóðir 4, 8 og 10. Forsenda þessa að breyta megi lóðunum í lögbyli er að bæði aðal- og deiliskipulaginu verði breytt. Ákvörðun um breytingu á aðalskipulagi er vísað til ákvörðunar sveitarstjórnar. Skipulagsnefnd mælir þó ekki með slíkri breytingu þar sem uppbygging á svæðinu er hafin, óvist að núverandi sumarhús standist kröfur byggingarreglugerðar um íbúðarhús og ólíklegt að vegir innan svæðisins henti til að þjónusta svæðið allt árið um kring og óvissa um veghald.

Sveitarstjórn hafnar því að aðalskipulagi svæðisins verði breytt.

**Mál nr. 18: 1801027 - Drög að lagafrumvarpi um lögheimili.**

Lagt fram til kynningar frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um lögheimili og aðsetur. Að mati skipulagsnefndar eru ákvæði um að heimila megi skráningu lögheimilis í frístundahúsum varhugaverð og í ósamræmi við ákvæði gr. 6.2. lið h í skipulagsreglugerð um að föst búsetu í frístundabyggð sé óheimil. Þetta opið ákvæði felur líka sér ákveðna hættu á ósamræmi í ákvarðanatöku milli sveitarfélaga varðandi hvenær skynsamlegt sé að leyfa lögheimilisskráningu í frístundahúsum og hvaða forsendur lagðar eru til grundvallar leyfisveitingu. Þá skapast einnig ákveðin hættu á að ákvarðanir um að heimila lögheimili í frístundabyggð byggist á persónulegum og fjárhagslegum högum viðkomandi umsækjenda. Varðandi heimild til að skrá lögheimili í iðnaðar- og atvinnuhúsnæði að þá er ákveðin hættu á að verið sé að minnka kröfur varðandi það hvað telst viðunandi íbúðarhúsnæði. Í dag er mikil vöntun á



*húsnæði fyrir starfsmenn og með því að rýmka reglur með þessum hætti er jafnvel verið að réttlæta nýtingu óviðunandi húsnæðis fyrir starfsmenn og koma í veg fyrir að atvinnurekendur komi sér upp almennilegu húsnæði fyrir starfsmenn. Skipulagsnefnd leggst alfarið gegn ákvæðum um lögheimilis-skráningu í fristunda- og iðnaðarhúsnæði. Bókun skipulagsnefndar lögð fram til kynningar.*

**Mál nr. 19: 1801001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 18- 70.**

*Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. janúar 2018.*

- e) **Fundargerð 48. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 11. janúar 2018.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

- f) **Fundargerð oddvita vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, 20. desember 2017.**

**Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

*Lögð fram fundargerð oddvita vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, dags. 20. desember 2017. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 2: Samstarfssamningur um sameiginlegan seyrurekstur.**

*Fyrir liggja drög að samkomulagi milli sveitarfélaganna Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps, Ásahrepps og Bláskóga- byggðar um að standa sameiginlega að hreinsun, verkun og förgun seyru. Markmiðið er að endurvinnna seyru á þann hátt að hún teljist til hreinsaðrar seyru skv. skilgreiningu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Þá er tilgangurinn einnig að standa sameiginlega að afsetningu seyrunnar á skilgreind svæði í samráði við landeigendur og Landgræðslu ríkisins á grundvelli samnings þar um. Þá er einnig tilgangurinn að standa sameiginlega að hreinsun seyru á rotþróm og hreinsimannvirkjum sem heyra undir sveitarfélögin, þ.e. aðallega rotþróm við sumarbústaði, íbúðarhús og eignir sveitarfélaganna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög og felur oddvita / sveitarstjóra að undirrita samninginn.*

*Lífandi tónlist öll kvöld*  
*Þriggja rétta kvöldverður, aðeins 8.900 kr.*

*Lúxus gisting, veitingastaður, bar, fundar- og veislubjónusta.*

Hótel Grímsborgir er fjögurra stjörnu hótel með veitingastað, funda- og ráðstefnusali og lúxus gistingu fyrir 248 gesti.

Við getum náð í ykkur og skatlað til baka!

**HÓTEL GRÍMSBORGIR**  
LÚXUSGISTING - VEISLUR - FUNDARÁÐSTAÐA

Við Sogið í Grímsnesi • grimsborgir.is

**Boðapantanir 555 7878**





90 ára afmæli slysavarnafélagsins Landsbjargar



Haldið var uppá  
90 ára afmæli  
slysavarnafélagsins Landsbjargar  
í húsi hjálparsveitarinnar  
TINTRON  
mánudagskvöldið 29. janúar s.l.



**g) Fundargerð 25. fundar Almannavarnarnefndar Árnessýslu, 18. desember 2017.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**3. Borg í sveit 2018.**

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að færa viðburðinn Borg í sveit frá seinasta laugardegi í maí til fyrsta laugardags í júní, ár hvert. Viðburðurinn Borg í sveit 2018 verður því 2. júní.*

**4. Viðbragðsáætlun Almannavarna, Samfélagsleg áföll – langtímaviðbrögð Grímsnes- og Grafningshrepps.**

*Fyrir liggur viðbragðsáætlun Almannavarna vegna samfélagslegra áfalla, langtímaviðbrögð Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.*

**5. Lífeyrissjóðurinn Brú.**

*Fyrir liggur „samkomulag“ um uppgjör sem Bandalag háskóla- manna, BSRB og Kennarasamband Íslands annars vegar og Fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar gera um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins er að samræma lífeyris- réttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda verði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur skuli hækkaður til að stuðla að sjálfbærni kerfisins. Skuldbinding sveitarfélagsins í jafnvægisjóð er rúmlega 24 milljónir, í lífeyris- aukasjóð rúmlega 44 milljónir og rúmlega 4,7 milljónir í varúðar- sjóð. Samtals er skuldbindingin tæplega 73 milljónir, auk skuldbindinga vegna byggðasamlaga sem sveitarfélagið er aðili að. Þann 3. janúar 2018 er sveitarfélaginu sent „samkomulagið“ með eindaga þann 31. janúar 2018 og framlengt til 15. febrúar 2018.*

*Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð Lífeyrissjóðsins Brúar þar sem ekki lá fyrir fjárhagsleg skuldbinding sveitarfélagsins í krónum talið fyrr en 3. janúar 2018 og umrædd skuldbinding skuli gjaldfærð á árinu 2017. Ekki liggur fyrir sundurliðun á skuldbindingunni sem hlýtur að vera forsenda þeirrar niðurstöðu sem sveitarfélagið fær. Jafnframt eru gerðar athugasemdir við að innheimtir séu rúmlega 3 milljarðar á landsvisu, 4,7 milljónir hjá Grímsnes- og Grafnings- hreppi, í varúðarsjóð. Ekki liggur fyrir hvort þeirra fjármuna sé þörf og er algerlega fráleitt að lífeyrissjóðurinn liggji með þessa fjármuni í allt að 20 ár ef til þess kemur að þeirra sé þörf.*

Nær væri að innheimta þessa upphæð þegar og ef til þess kemur að hennar sé þörf. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við vinnubrögð Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. sveitarfélaganna að sambandið geti skuldbundið sveitarfélög landsins um 40 milljarða án þess að nokkurt sveitarfélag hafi samþykkt slíkar skuldbindingar formlega. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur a.m.k. aldrei samþykkt fyrir sitt leyti að heimila sambandinu né öðrum að skuldbinda sveitarfélagið fyrir tugum milljóna króna. Ekki er að neinu leyti hugsað um hvort sveitarfélögin hafi greiðslugetu fyrir svona skuldbindingum og ótrúlegt að sett skuli reglugerð sem undanskilur þessa skuld við skuldahlutfall sveitarfélaga þar sem 150% reglan hefur verið ítrekuð við fjármálastjórn sveitarfélaga-anna.

Sveitarstjórn ítrekar kröfu sína að sundurliðun skuldarinnar liggja fyrir áður en til greiðslu kemur. Sveitarstjóra falið að undirbúa lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

#### 6. Minnisblað frá oddvita, Gunnari Þorgeirssyni vegna 100 ára afmælis Kvenfélags Grímsneshrepps.

Fyrir liggur minnisblað frá oddvita, Gunnari Þorgeirssyni, dags. 17. janúar 2018 þar sem lagt er til að sveitarfélagið veiti Kvenfélagi Grímsneshrepps styrk til ritunar sögu félagsins í tilefni af 100 ára afmæli í apríl 2019. Lagt er til að styrkurinn nemi 3 millj. sem greiðist í tvennu lagi, í júní 2018 og apríl 2019. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að umræddur styrkur verði veittur.

#### 7. Bréf frá Þjóðskrá Íslands vegna skráningarinnar „óstaðsettur í hús“.

Fyrir liggur bréf frá lögmanni Þjóðskrár Íslands, Indriða B. Ármannssyni, dagsett 22. desember 2017 vegna athugasemda sveitarstjórnar um að Þjóðskrá Íslands skrái einstaklinga „óstaðsetta í hús“ milli sveitarfélaga. Jafnframt hefur sveitarstjórn óskað eftir leiðréttingu á þeim skráningum sem Þjóðskrá hefur gert. Þjóðskrá Íslands hafnar beiðni sveitarstjórnar um leiðréttingu á umræddum skráningum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kæra ákvörðun Þjóðskrár til Samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneytisins.



### Aðalfundur Trausta 2018

Aðalfundur Hestamannafélagsins Trausta í Grímsnesi, Laugardal, Þingvallasveit og Grafningi verður haldinn í fundarsal sveitarfélagsins að Borg í Grímsnesi miðvikudaginn 14. febrúar n.k. kl 20:00.

Dagskrá aðalfundar er, samkvæmt lögum félagsins, eftirfarandi:

1. Kosnir fastir starfsmenn fundarins
2. Skýrsla stjórnar
3. Framlagðir endurskoðaðir reikningar fyrir síðastliðið ár
4. Nefndir gefa skýrslu
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og afgreiðsla reikninga
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2018
7. Lagabreytingar
8. Aðrar tillögur til afgreiðslu á fundinum
9. Kosning stjórnar og varastjórnar
10. Kosning tveggja endurskoðenda og varaendurskoðenda
11. Fundargerð, tekin afstaða til lestrar eða annarrar afgreiðslu
12. Önnur mál

Bergur Jónsson ætlar að flytja erindi um þjálfun keppnishrossa og undirbúning fyrir keppni.

Aðalfundurinn getur með 2/3 greiddra atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram, eftir að dagskrá fundarins var auglýst.

Kaffiveitingar í boði stjórnar.

Kveðja, Stjórn Trausta.



Frá GOÐA

## Folaldasýning

Folaldasýning GOÐA verður í Miðengi  
sunnudaginn 25. febrúar 2018 kl. 11.00

Skráning þarf að berast fyrir 23. febrúar  
á netfangið: [sigga@midengi.is](mailto:sigga@midengi.is)  
eða síma 867-5175 eftir kl. 17:00 (Sigga)

**Það kostar 1.000,- kr. pr. folald.**

Aðgangur kr. 500,-  
Kaffi og með því.



Frá GOÐA

## Aðalfundur

Hrossaræktardeildar GOÐA  
verður haldinn í kaffistofunni í Miðengi  
fimmtudaginn 22. mars kl. 20.00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning stjórnar
3. Önnur mál

Stjórnin

8. **Bréf frá Þjóðskrá Íslands vegna beiðni sveitarfélagsins um endurmat á jarðhitahlunnindum Nesjavalla og vatnsréttindum virkjananna.**

*Fyrir liggur bréf frá lögmanni Þjóðskrár Íslands, Helgu Bogadóttur, dagsett 22. desember 2017 þar sem tilgreint er að málsmeðferð í erindi sveitarfélagsins frá 8. mars 2017 muni teffast. Sveitarstjórn óskaði eftir endurmati á jarðhitahlunnindum Nesjavalla og vatnsréttindum virkjananna í umræddu erindi. Bréfið lagt fram til kynningar.*

9. **Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat sumarhúss við Hagavík.**

*Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda Hagavíkur, dagsett 16. janúar 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.*

10. **Tölvupóstur frá oddvita Bláskógabyggðar vegna aukinnar vatnstöku Bláskógabyggðar úr Fljótsbotnum.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Helga Kjartanssyni, oddvita Bláskógabyggðar, dags. 6. desember 2017 þar sem greint er frá undirbúningi að aukinni vatnstöku Bláskógabyggðar í Fljótsbotnum. Jafnframt er óskað eftir vitneskju nágrannasveitarfélaganna um áhuga þeirra á að tengjast vatnsveitunni. Sveitarstjóra / oddvita falið að ræða við fulltrúa Bláskógabyggðar um framhald málsins.*

11. **Bréf frá Landgræðslu ríkisins vegna verkefnisins „Endurheimt og varðveisla votlendis á Íslandi – lykilhlutverk sveitarfélaga“.**

*Fyrir liggur bréf frá Árna Bragasynti, landgræðslustjóra Landgræðslu ríkisins, dagsett 12. desember 2017 þar sem kynnt er verkefnið „Endurheimt og varðveisla votlendis á Íslandi – lykilhlutverk sveitarfélaga“. Bréfið lagt fram til kynningar.*

12. **Beiðni Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um umsögn að drögum að frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur.**

*Fyrir liggur beiðni Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um umsögn að drögum að frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur. Bréf sveitarstjórnar, dagsett 15. janúar 2018 lagt fram til staðfestingar.*

**13. Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um kosningar til sveitarstjórnar (kosningaaldur), 40. mál.**

*Fyrir liggur beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um kosningar til sveitarstjórnar (kosningaaldur), 40. mál. Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

**Til kynningar**

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.  
Fundargerð 262. stjórnarfundar 14.12 2017.
- ✓ SASS. Fundargerð 527. stjórnarfundar 07.12 2017.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.  
Fundargerð 855. stjórnarfundar, 15.12 2017.
- ✓ Afrit af umsögn stjórnar SASS vegna draga að frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur.
- ✓ Samantekt umræðna frá 20. ársfundi Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa sem haldin var 8. nóvember 2017.
- ✓ Tölvupóstur frá Önnu G. Björnsdóttur, sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. janúar 2018 um skýrslu Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins á haustfundi 2017.
- ✓ Hjálparveitin Tintron, ársreikningur 2016.
- ✓ Hjartaheill Velferð,  
málagn og fréttabréf Hjartaheilla, 2. tbl. 29. árg. 2017.  
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:15

**Atvinnumálalæping Uppsveitanna 21. mars 2018**

Atvinnumálanefndir Uppsveitanna munu standa fyrir Atvinnumálalæpingi þann 21. mars 2018 í Félagsheimilinu Borg.

Þingið hefst með súpu klukkan 19:00.

Nánari dagskrá auglýst síðar.

Endilega takið daginn frá.

*Atvinnumálanefndir Uppsveitanna.*

*Aðalfundur Sauðfjárræktarfélagins Barms  
verður haldinn í Félagsheimilinu Borg  
mánudaginn 26. febrúar kl. 19:30.*

*Venjuleg aðalfundarstörf.*

*Stjórnin.*



Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna kynrir:  
**Sálir Jónanna ganga aftur - Hugleiksverk  
Gamanleikrit um örlög Jónanna**

Næstu sýningar:

- 7. febrúar – 2.sýning
- 9. febrúar – 3.sýning
- 10. febrúar – 4.sýning
- 14. febrúar – 5.sýning



Sýnt í Aratungu og allar sýningar hefjast kl. 20:00

Miðaverð kr. 2.500.-  
Eldriborgarar kr. 2.000.-  
Börn kr. 1.500.-

**Miðapantanir í síma 896-7003**

Leikhúsmatseðill verður í boði á Restaurant Mika,  
borðapantanir í síma 486-1110



Vörur úr  
heimabyggð.  
**Locally grown  
Locally owned**

### Beint frá bjóli

Grænmeti, kryddjurtir,  
holdanautakjöt, eldis-  
silungur, heimagerðar  
sultur og flatkökur,  
Arna laktósafriar  
mjólkurvörur og margt  
fleira.

Vegetables, herbs,  
Angus beef, brown  
trout, homemade jams  
and flatbreads, Arna  
lactose free dairy and  
variety of other  
products.

Melun, Flúðum  
Hrusamannshreppur  
@litlamelabudin  
www.facebook.com/litlamelabudin/



## Kerhólsskóli óskar eftir að ráða deildarstjóra í leikskóladeild

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með rúmlega 70 nemendum á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk þar af eru 33 börn í leikskóladeild. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslur á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og útikennslu, list- og verkgreinar. Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu.

Verið er að vinna í þróunarverkefni sem snýst um hreyfingu starfsmanna á vinnutíma. Þeir sem eru í 100% vinnu fá tvær hreyfistundir á viku.

### Deildarstjóri í 100% starf

Deildarstjóri starfar eftir starfslýsingu deildarstjóra í leikskólum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun skilyrði
- Reynsla af deildarstjórn æskileg
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Faglegur metnaður og ábyrgð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri

### Upplýsingar um starfskjör veitir:

Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 863-0463

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð  
Umsóknarfrestur er til 10. febrúar 2018

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnar-  
aðila berist til skólastjóra, [jonabjorg@kerholsskoli.is](mailto:jonabjorg@kerholsskoli.is) eða  
aðstoðarskólastjóra [iris@kerholsskoli.is](mailto:iris@kerholsskoli.is) Nánari upplýsingar gefur  
Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480-5520, 863-0463





## Tómstundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir foreldri / forráðamanni barna á aldrinum 6 - 18 ára styrk vegna íþrótt- og tómstundaiðkunar. Til að unnt sé að nýta tómstundastyrkina þarf að vera um að ræða skipulagt starf sem er stundað undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir að lágmarki 6 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar og skátastarf.

**Tónlistarnám á vegum Tónlistarskóla Árnesinga og líkamsræktarkort falla ekki undir styrkveitingu.**

### Skilyrði fyrir veitingu tómstundastyrkja

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 6 - 18 ára.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða í a.m.k. 6 vikur hverja önn.
- Staðfesting á greiðslu/kvittun fylgi umsókn vegna tómstundastyrkja. Á greiðslukvittun komi eftirfarandi fram: Nafn og kennitala félags, dags. greiðslu, fyrir hvað er verið að greiða, æfingatímabil, nafn og kennitala iðkenda.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi/þátttökugjaldi viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar.
- Tómstundastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem styrkþegi stundar íþrótt/tómstundir.

Styrkur getur orðið allt að 20.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 40.000 kr. á ári.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Grímsnes- og Grafningshreppi 6. desember 2017  
Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



## Aðalfundur Kvenfélags Grímsneshrepps verður miðvikudaginn 14. febrúar 2018, kl. 18.00 í Félagsheimilinu Borg.

### Dagskrá:

18:00 Fundarsetning - kosning fundarstjóra

18:05 Skýrsla stjórnar - formaður

18:15 Fundargerð síðasta aðalfundar - ritari

18:25 Reikningar félagsins - gjaldkeri

18:35 Skýrslur nefnda - formenn nefnda eru hvattir til að gefa örstuttar skýrslur undir þessum lið.

- Ferðanefnd
- Námskeiðsnefnd
- 100 ára afmælisnefnd
- Húsnefnd
- Sumarbústaðanefnd
- Bingó/spilanefnd

19:00 hlé - léttar veitingar

19:15 Kosningar - Formaður, 3 í varastjórn og fulltrúi í húsnefnd í kjöri.

19:25 Kjör skoðunarmanna

Kjör fulltrúa og varafulltrúa á ársfund SSK

Kjör fulltrúa og varafulltrúa á ársþing KÍ

19:35 Nefndarkjör

Grímsævintýri - 2 með Jóhönnu

Tombóla - 2

Markaður -2

19:50 Inntaka nýrra félaga

20:00 Önnur mál

Í kjörnefnd eru: Díana Símonardóttir, Guðrún Bergmann og Sigríður Laufey Gunnarsdóttir.

Vinsamlegast hafið samband við kjörnefnd vegna framboða.

Kaffikonur eru: Jóna Björg Jónsdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Elsa Jónsdóttir.